

Efnasamsetning og rennsli straumvatna á slóðum Skaftár 2002 til 2006

RH-13-2007

Sigurður Reynir Gíslason¹, Árni Snorrason², Luiz Gabriel Quinn Camargo, Eydís
Salome Eiríksdóttir¹ Jórunn Harðardóttir² og Svava Björk Þorláksdóttir²,

¹Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3, 107 Reykjavík.

²Vatnamælingar Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík.



Júní 2007

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
SÝNATAKA.....	3
Meðhöndlun sýna.....	4
Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun.....	8
Uppleyst efni.....	8
Næringarsólt.....	9
Fosfór.....	9
Heildarstyrkur fosfórs.....	9
Aurburður.....	10
NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA.....	10
Hlaup úr Eystri-Skaftárkatli í september 2002.....	12
Hlaup úr Vestari-Skaftárkatli í september 2003.....	13
Hlaup úr Eystri-Skaftárkatli í september 2006.....	13
Samanburður á efnasamsetningu hlaupa úr Eystri-Skaftárkatli og hlaups úr Vestari-Skaftárkatli.....	13
Vensl rennslis og efnastyrks í straumvötnum á slóðum Skaftár frá 2003 til 2006.....	14
Efnasamsetning og yfirborðsflatarmál svifaurs úr Skaftá.....	16
HEIMILDIR.....	16
TÖFLUR OG MYNDIR.....	
Mynd 1a. Vatnasvið straumvatna.....	6
Mynd 1b. Staðsetningar sýnatökustaða á slóðum Skaftár.....	7
Tafla 1. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Skaftár í hlaupi í september 2002.....	20
Mynd 2. Tímaræðir fyrir Skaftá við Sveinstind í hlaupi í september 2002.....	21
Mynd 3. Efnalyklar fyrir Skaftá við Sveinstind í hlaupi í september 2002.....	22
Tafla 2a. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2003-2004.....	23
Tafla 2b. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2003-2004.....	24
Tafla 2c. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2005.....	25
Tafla 2d. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2005.....	26
Tafla 2e. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2006.....	27
Tafla 2f. Tímaröð fyrir straumvötn á Skaftásvæðinu 2006.....	28
Mynd 4. Rennslis Tungnaár við Maríufoss 2004-2006.....	29
Tafla 3. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Tungnaár í Botnaveri 2004-2006.....	30
Mynd 5. Efnalyklar fyrir Tungnaá í Botnaveri 2004-2006.....	31
Mynd 6. Efnalyklar fyrir Tungnaá í Botnaveri 2004-2006.....	32
Tafla 4. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Útfalls Langasjávar 2003-2006.....	34
Mynd 7. Efnalyklar fyrir Útfall Langasjávar 2003-2006.....	35
Mynd 8. Efnalyklar fyrir Útfall Langasjávar 2003-2006.....	36
Tafla 5. Efnasamsetning, rennslis og aurburður vesturkvíslar Skaftár 2003-2006.....	38
Mynd 9. Efnalyklar fyrir vesturkvísl Skaftár 2003-2006.....	39
Mynd 10. Efnalyklar fyrir vesturkvísl Skaftár 2003-2006.....	40
Mynd 11. Rennslis Skaftár við Sveinstind 2004-2006.....	41
Tafla 6. Efnasamsetning, rennslis og aurburður í Skaftá við Sveinstind 2003-2006.....	42
Mynd 12. Efnalyklar fyrir Skaftá við Sveinstind 2003-2006.....	43
Mynd 13. Efnalyklar fyrir Skaftá við Sveinstind 2003-2004.....	44
Mynd 14. Efnalyklar fyrir Skaftá við Sveinstind 2003-2006 og í hlaupi 2002.....	46
Tafla 7. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Skaftár við Skaftárdal 2004-2006.....	47
Mynd 15. Rennslis Skaftár við Skaftárdal 2004-2006.....	48
Mynd 16. Efnalyklar fyrir Skaftá við Skaftárdal 2004-2006.....	49
Mynd 17. Efnalyklar fyrir Skaftá við Skaftárdal 2004-2006.....	50
Mynd 18. Rennslis Ása-Eldvatns 2003-2004 og apríl 2006.....	51
Tafla 8. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Ása-Eldvatns 2003 og apríl 2006.....	52
Mynd 19. Vensl rennslis við aur og uppleyst efni í Ása-Eldvatn 2003 og 2006.....	53
Mynd 20. Vensl rennslis við aur og uppleyst efni í Ása-Eldvatn 2003 og 2006.....	54
Mynd 21. Rennslis Eldvatns í Meðallandi 2004-2006.....	55
Tafla 9. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Eldvatns í Meðallandi 2004-2006.....	56
Mynd 22. Efnalyklar fyrir Eldvatn í Meðallandi 2004-2006.....	57
Mynd 23. Efnalyklar fyrir Eldvatn í Meðallandi 2004-2006.....	58
Mynd 24. Rennslis Grenlækjar í Landbroti 2004-2006.....	59
Tafla 10. Efnasamsetning, rennslis og aurburður Grenlækjar í Landbroti 2003-2006.....	60
Mynd 25. Efnalyklar fyrir Grenlæk í Landbroti 2003-2006.....	61
Mynd 26. Efnalyklar fyrir Grenlæk í Landbroti 2003-2005.....	62
Tafla 11. Samanburður á meðalefnasamsetningu vatns í hámarki jökulhlaupa 2002, 2003 og 2006.....	63
Tafla 12. Yfirborðsflatarmál og efnasamsetning aurs úr Skaftá 2004.....	64
Tafla 13. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja mælinga.....	65

INNGANGUR

Rannsóknin er unnin af Jarðvísindastofnun í samstarfi við Vatnamælingar Orkustofnunar og er kostuð af Landsvirkjun. Tilgangur rannsóknarinnar er að skilgreina og skilja efnasamsetningu Skaftár og nálægra vatnsfalla í og utan hlaupa. Að skilgreina svokallaða efnalykla fyrir straumvötnin þannig að unnt sé að reikna efnaframburð þeirra ef rennsli er þekkt og loks efnasamsetningu straumvatnanna ef þeim er blandað saman. Til dæmis blöndu vestari kvíslar Skaftár, Útfalls Langasjávar og Tungnaár ofan Botnavers.

Tilgangur þessarar áfangaskýrslu er að gera grein fyrir aðferðum við sýnatöku, aðferðum við efnagreiningar og niðurstöðum efnamælinga sem gerðar voru á árinu 2006. Enn fremur eru fyrri niðurstöður efnarannsókna sem fjallað var um í áfangaskýrslum 2005 og 2006 (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2005; 2006) hafðar með til þess að fá heildaryfirsýn. Í þessari skýrslu er því gerð grein fyrir aðferðum við sýnatöku, aðferðum við efnagreiningar og niðurstöðum efnamælinga sem framkvæmdar voru í jökulhlaupum í september 2002 og 2003 og í apríl 2006 í Skaftá og sýnum sem safnað var við venjulegt rennsli á árunum 2003, til 2006. Sýnum var safnað úr Tungnaá við Botnaver árið 2004 til 2006; úr Útfalli Langasjávar árin 2003, til 2006; úr vestari kvísl Skaftár 2003 til 2006; úr Skaftá við Sveinstind í hlaupi 2002 og utan hlaupa 2003 til 2006; úr Skaftá við Skaftárdal árið 2004 til 2006; úr Ása-Eldvatni í jökulhlaupum í september 2003 og í apríl 2006, og utan hlaupa 2003; úr Eldvatni í Meðallandi árin 2004 til 2006 og úr Grenlæk 2003 til 2006.

Í september 2002 hljóp úr eystri Skaftárkatli og voru 13 sýna aflað úr því hlaupi, við Fögrufjöll, Sveinstind og við Ása (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2003c). Árið eftir hljóp úr vestari katlinum í september 2003 og náðust tvö sýni úr því hlaupi við Ása 8. og 9. september. Í apríl 2006 hljóp úr eystri katlinum og var þriggja sýna aflað úr hlaupinu við Ása 23., 24. og 25. apríl. Gögnin um hlaup úr vestari katlinum eru því nokkuð rýr. Árið 2006 var borað í vestari Skaftárketilinn og árið 2007 var borað í þann eystri. Eitt sýni náðist 2006 en fjöldi sýna úr eystri Skaftárkatlinum 2007.

Yfirlit um fyrri efnarannsóknir á vatnasviði Skaftár og nálægra vatnsfalla er að finna í skýrslum Snorra Zóphóníassonar og Svans Pálssonar (1996), Ríkeyjar H. Sævarsdóttur (2002), Almennu verkfræðistofunnar og Auðlindadeildar Orkustofnunar (2002), Einars Ö. Hreinssonar og Freysteins Sigurðssonar (2004). Hrefna Kristmannsdóttir o. fl. (2006) vöktuðu efnasamsetningu Ása-Eldvatns frá 1. júlí 1997 til 20. júlí 1998, alls 13 sinnum. Þau mældu aðalefni, valin snefilefni og samsætur vetnis, súrefnis og kolefnis. Louvat et al. (2007) mældi eitt sýni úr Skaftá við Skaftárdal sem safnað var í júní 1996, og Pogge von Strandmann o. fl. (2006) safnaði úr Skaftá við Skaftárdal 15. október 2003 kl. 10:45. Þau mældu aðalefni og fjölda snefilefna og samsætur Li, Th og Mg í vatni og bergi. Sigríður Magnea Óskarsdóttir (2007) rannsakaði landfræðilega dreifingu valinna uppleystra efna í straumvötnum á Íslandi m. a. í fallvötnum á Skaftárvæðinu.

Vatnamælingar Orkustofnunar hafa rekið fjölda vatnshæðarmæla á Skaftárvæðinu síðastliðin ár þó að tímaraðirnar séu mislangar fyrir hvern mæli. Svifaursýnum hefur verið safnað í nokkra áratugi en þar af hafa flest sýnin verið tekin á láglandi (Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 1996). Framburður í Skaftá var metin fram að árinu 2000 í skýrslu Svans Pálssonar o.fl. (2001) en þar áður höfðu komið út nokkrar skýrslum um framburð og rennsli í einstökum Skaftárhlaupum (t.d. Svanur Pálsson og Snorri Zóphóníasson 1992; Snorri Zóphóníasson og Svanur Pálsson 1996). Síðan samantektarskýrslan kom út árið 2001 hefur mikill fjöldi svifaurs- og skriðaurssýna verið tekinn úr Skaftá í gegnum verkefni

kostuð af Landsvirkjun og núverandi Orkumálasviði Orkustofnunar. Niðurstöður flestra þeirra sýnagreininga hefur verið settar fram í skýrslum fyrir sýnatöku hvers árs fyrir sig (Jórunn Harðardóttir og Svava Björk Þorlákssdóttir 2002; 2003; 2005; Jórunn Harðardóttir o.fl. 2004a).

SÝNATAKA

Fyrsta sýnið til efnarannsókna í septemberhlaupi úr eystri katli 2002 var tekið af brú við Ása-Eldvatn. Öll önnur sýni, utan eitt, í septemberhlaupinu 2002 voru tekin af bakka um 50 m ofan við kláfinn við Sveinstind (1. og 2. mynd). Sýnið sem var tekið úr vestari kvísl Skaftár var tekið af suðurbakka, norðvestan við Fögrufjöll (64.14.371-18.08.410).

Sumarið 2003, 2004 og árið 2005 voru sýni tekin úr Tungnaá á austurbakka við Botnaver; úr vestari kvísl Skaftár af vesturbakka við mælakláf; úr Útfalli Langasjávar um 100 metrum ofan vatnamóta vestari kvíslar Skaftár og Útfalls Langasjávar; úr Skaftá við Sveinstind af vesturbakka um 50 metrum ofan kláfs; úr suðurkvísl Skaftár við Skaftárdal af brú; úr Ása-Eldvatni af brú; úr Eldvatni í Meðallandi af brú og úr Grenlæk rétt neðan vatnshæðarmælis. Tvö sýni voru tekin úr vestari kvísl Skaftár og úr Skaftá við Sveinstind í hverjum sumarleiðangri árin 2003, 2004, 2005 og 2006; við hámarks- og lágmarksrennsli sólarhringsins (1., 9., 10., 12., og 13. mynd og Töflur 5 og 6). Efnalyklar þessara tveggja vatnsfalla og Ása-Eldvatns, ef gögn frá Hrefnu Kristmannsdóttur o.fl. (2006) eru talin með, eru því best skilgreindir af þeim vatnsföllum sem hér er fjallað um. Vegna ófærðar tókst ekki að afla sýnis úr Skaftá við Sveinstind í vetrarleiðangri 2004, en eitt sýni var tekið á öllum mælistöðvum í vetrarleiðöngnum 2005 og 2006.

Tvö sýni voru tekin í septemberhlaupi úr Vestari-Skaftárkatli 2003, og 3 sýni voru tekin í aprílhlaupi úr Eystri-Skaftárkatli 2006. Öll sýnin voru tekin úr Ása-Eldvatni af brú (18., 19. og 20. mynd og Tafla 8).

Árið 2002 var vatni safnað með plastfötu og hellt á 5 l plastbrúsa og 1 l dökka glerflösku. Árið 2003, 2004, 2005 og 2006 var safnað á tvo 5 l plastbrúsa sem voru vandlega fylltir í stað plastbrúsa og glerflösku í hlaupleiðangri 2002. Áður höfðu fatan og ílátin verið skoluð vandlega með árvatninu. Vatnið úr glerflöskunni, og síðar öðrum plastbrúsanum, var notað við títrun á O₂ og H₂S á staðnum. Hitastig árvatnsins var mælt með „thermistor“-mæli og var hitaneminn settur út í flauminn við bakkann.

Árin 2003, 2004, 2005 og 2006 voru sýni af lífrænum og ólífrænum aurburði tekin með sérstökum sýnataka úr meginál áнна þannig að sýnið endurspegladi aurburð frá yfirborði til botns í ánni (Jórunn Harðardóttir o.fl. 2004a). Aurburðarsýnið sem notað var til mælinga á lífrænum aurburði (POC) var tekið með sama hætti og fyrir ólífrænan aurburð. Það var ávallt tekið eftir að búið var að taka sýni fyrir ólífrænan aurburð. Sýninu var safnað í sýruþvegnar aurburðarflöskur sem höfðu verið þvegnar á tilraunastofu í 4 klst. í 1 N HCl sýru. Flöskurnar voru merktar að utan en ekki með pappírsmarki inni í flöskuhálsinum eins og tíðkast fyrir ólífrænan aurburð.

Meðhöndlun sýna

Sýni til rannsókna á uppleystum efnum voru meðhöndluð strax á sýnatökustað. Vatnið var síað í gegnum sellulósaasetatsíu með 0,2 µm porustærð. Þvermál síu var 142 mm og Sartorius® („in line pressure filter holder, SM16540“) síuhaldari úr tefloni notaður. Sýninu var þrýst í gegnum síuna með „peristaltik“-dælu. Slöngur

voru úr sílikoni. Síur, síuhaldari og slöngur voru þvegnar með því að dæla a.m.k. einum lítra af árvatni í gegnum síubúnaðinn og lofti var hleypt af síuhaldara með þar til gerðum loftventli. Áður en sýninu var safnað voru sýnaflöskurnar þvegnar þrisvar sinnum hver með síuðu árvatni.


Fyrst var vatn ætlað til mælinga á reikulum efnum; pH, leiðni og basavirkni, síað í tvær dökkar glerflöskur, 275 ml og 60 ml. Næst var safnað í 1000 ml „high density pólýethelýn“ flösku til mælinga á brennisteinssamsætum. Síðan var vatn síað í 190 ml „low density pólýethelýn“ flösku til mælinga á styrk anjóna. Þá var safnað í tvær 100 ml „high density pólýethelýn“ sýruþvegnar flöskur til snefilefnagreininga. Þessar flöskur voru sýruþvegnar af rannsóknaraðilanum SGAB Analytica, sem annaðist snefilefnagreiningarnar og sumar aðalefnagreiningar. Út í þessar flöskur var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru í lok söfnunar á hverjum stað. Þá var síuðu árvatni safnað á fjórar sýruþvegnar 20 ml „high density pólýethelýn“ flöskur. Flöskurnar voru þvegnar með 1 N HCl á rannsóknarstofu fyrir söfnun. Ein flaska var ætluð fyrir mælingu á hverju eftirfarandi næringarsalta; NO₃, NO₂, NH₄ og PO₄. Sýni til mælinga á NH₄ og PO₄ voru sýrð með 0,5 ml af þynntri (1/100) brennisteinssýru. Vatn ætlað til mælinga á heildarmagni á lífrænu og ólífrænu uppleystu næringarefnunum N og P var síað í sýruþvegna 100 ml flösku. Þessi sýni voru geymd í kæli en fryst í lok söfnunarleiðangurs. Sýni til mælinga á DOC var aflað frá og með árinu 2003 og var síað eins og önnur vatnssýni. Það var síað í 30 ml sýruþvegna „low density pólýethelýn“ flösku. Sýrulausnin stóð a.m.k. 4 klst. í flöskunum fyrir söfnun en þær tæmdar rétt fyrir leiðangur og skolaðar með afjónuðu vatni. Þessi sýni voru sýrð með 0,4 ml af 1,2 N HCl og geymd í kæli þar til þau voru send til Svíþjóðar þar sem þau voru greind. Aurburðarflöskur til söfnunar á lífrænum aurburði (POC) voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru áður en farið var í söfnunarleiðangur.



VHM	Nafn	Vatnasvið í km ²	Þar af á jökli (km ²)	
30	Þjórsá	7.378	969	<div style="display: flex; align-items: center;"> <div style="border: 1px solid black; width: 15px; height: 15px; margin-right: 5px;"></div> <div style="margin-right: 5px;">30</div> <div style="margin-right: 5px;">Sýnatökustaður</div> </div> <div style="display: flex; align-items: center; margin-top: 5px;"> <div style="background-color: #c8e6c9; width: 15px; height: 15px; margin-right: 5px;"></div> <div style="margin-right: 5px;">Vatnasvið</div> </div> <div style="display: flex; align-items: center; margin-top: 5px;"> <div style="border: 1px solid blue; width: 15px; height: 15px; margin-right: 5px;"></div> <div style="margin-right: 5px;">Vatnasvið á jökli</div> </div> <div style="margin-top: 10px; text-align: center;"> </div>
64	Ölfusá	5.676	643	
66	Hvítá	1.668	361	
70	Skaftá í Skaftárdal	1.468	494	
128	Norðurlá	507		
166	Skaftá við Sveinstind	714	494	
271	Sog	1.092	33,9	
328	Eldvatn við Ása	1.714	494	
330	Eldvatn	134		
339	Grenlækur	22,2		
401	Útfall Langasjavar	83,5		
486	Víðidalsá	396		
502	Andakilsá	146		
1250	Tungnaá, Botnaver	239	156	

ThJ/MT/SMO - Júní 2007

Mynd 1a. Vatnasvið straumvatna og staðsetningar sýnatökustaða.



Mynd 1b. Staðsetningar sýnatökustaða á slóðum Skaftár.

Allar flöskur og sprautur sem komust í snertingu við sýnin fyrir POC og DOC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru.

Þegar búið var að ganga frá síuðu sýnunum var safnað aftur úr jökulvötnunum á stútfullan 5 l plastbrúsa til mælinga á O₂ og H₂S. Áður var búið að skipta um síu og tæma allt loft úr rásinni. Jökulvatnið var síað eins snarlega og unnt var í litlar Erlenmayerflöskur. H₂S í 50 ml sýni var bundið með 5 ml af 5 N NaOH lausn og títrað með kvikasilfurslausn (Stefán Arnórsson, 2000) og O₂ var bundið snarlega í þar til gerðum flöskum og þeim lokað. Súrefnið var síðan títrað innan nokkurra klukkustunda með Winkler-títrun (Stefán Arnórsson, 2000). Vatn úr Útfalli Langasjávar, Grenlæk og Eldvatni í Meðallandi var það tært að sýni til H₂S og O₂ mælinga voru bundin úti í ánum, beint í Erlenmayer flöskurnar án síunar, og það sama á við um vetrarsýnin í jökulvötnunum.

Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun

Efnagreiningar voru gerðar á Raunvísindastofnun, Orkustofnun, SGAB Analytica (Svensk Grundämnesanalys AB) í Luleå í Svíþjóð, Umeå Marine Sciences Center í Umeå í Svíþjóð og við Stokkhólmsháskóla. Niðurstöður mælinga sem búið er að framkvæma eru sýndar í töflum 1 til 12, og á myndum 2 til 26.

Uppleyst efni

Basavirkni („alkalinity“), pH og leiðni voru mæld með títrator, rafskauti og leiðnimæli á Raunvísindastofnun að loknum sýnatökuleiðangri. Árin 2004, 2005 og 2006 var alkalinity mælt með títrun og var endapunktur títrunar ákvarðaður með Gran-falli (Stumm og Morgan, 1996). Aðalefni og snefilefni voru mæld af SGAB Analytica í Svíþjóð með ICP-AES, ICP-MS (Mass Spectrometry with Inductively Coupled Plasma), og atóm-ljómun; AF (Atomic Fluorescence). Notaðar voru tvær tegundir massagreina með plasmanu, svokallað ICP-QMS, þar sem „quadrupole“ er notaður til að nema massa efnanna, og hins vegar ICP-SMS þar sem „a combination of a magnetic and an electrostatic sector“ er notað til að skilja að massa efnanna. Þegar styrkur efnanna var lítill var notast við ICP-SMS. Næringarsöltin NO₃, NO₂, NH₄, og PO₄, heildarmagn af uppleystu lífrænu og ólífrænu nitri og fosfór, N_{tot}, og P_{tot} voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli Jarðvísindastofnunar („autoanalyzer“) eins of fjallað er um nánar í næsta kafla. Sýni til næringarsaltagreininga voru tekin úr frysti og látin standa við stofuhita nóttina fyrir efnagreiningu þannig að þau bráðnuðu að fullu. Sýni til mælinga á P_{tot} og N_{tot} voru geisluð í kísilstautum í tvær klukkustundir í orkuríku útfjólubláu ljósi. Fyrir geislun voru settir 0,02 ml af fullsterku vetnisperoxíði í 20 millilítra af sýni. Þessi sýni voru greind innan tveggja daga eftir geislun eins og fjallað er um nánar í næsta kafla.. Flúor, klór, sulfat og þíosulfat (S₂O₃) voru mæld með jónaskilju á Orkustofnun árin 2002 og 2003 en sömu efni voru greind með jónaskilju á Jarðvísindastofnun árin 2004, 2005 og 2006. Sýni til mælinga á uppleystu lífrænu kolefni, DOC, var safnað og síað eins og önnur vatnssýni. Það var síað í 30 ml sýruþvegna „low density pólýethelýn“ flösku. Þessi sýni voru sýrð með 0,4 ml af 1,2 N HCl og geymd í kæli þar til þau voru send til Svíþjóðar þar sem þau voru greind með „Shimadzu TOC-5000 high temperature catalytic oxidation instrument“. Sýnin voru sýrð og þeim sundrað með gasstreymi fyrir greiningu. Kalíum hydrogen phthalate var notað sem staðall fyrir magnagreininguna.

Sýni til brennisteinssamsætumælinga voru látin seytla í gegnum jónaskiptasúlur með sterku anjóna jónaskiptaresini. Sýnaflöskur voru vigtaðar fyrir og eftir jónaskipti til þess að hægt væri að leggja mat á heildarmagn brennisteins í jónaskiptaefni. Þegar

allt sýnið hafði seytilað í gegn eftir rúmlega þrjár klukkustundir og loft komið í jónaskiptasúlurnar var þeim lokað og þær sendar til Stokkhólms til samsætumælinga. Loft var látið komast inn í súlurnar til þess að tryggja að nægt súrefni væri í þeim til að allur brennisteinn héldist á formi sulfats (SO_4).

Næringarsölt.

Styrkur á næringarsöltunum ammóníum (NH_4), nítrat (NO_3), nítrít (NO_2), fosfór (PO_4) og heildarmagni uppleysts nitrurs (N_{total}) var mældur með ljósgleypnimæli á Autoanalyser Jarðvísindastofnunar líkt of verið hefur síðan 1998. Einnig var gerð tilraun til samanburðarmælinga á PO_4 og N_{total} á anjónaskilju Jarðvísindastofnunar á rannsóknartímabilinu 2006.

Fosfór. Efnagreiningar á PO_4 í árvatni með ljósgleypnimælinum hafa reynst erfiðar þar sem styrkur þess er oftast við greiningarmörk aðferðarinnar og tækið er óstöðugt og oft fer mikill tími í að ná stöðugu ástandi áður en mælingar geta hafist. Því var gerð samanburðarmæling á jónaskiljuna (með jónaskiptasúlu 11, styrk elúents 30 mmól/l KOH og 100 μl sýnalykkju) þar sem sömu efnasýni voru greind með sömu staðlaröðum og notuð voru í greiningarnar á ljósgleypnimælinum. Reyndist vera kerfisbundinn munur á niðurstöðum efnagreininganna þar sem niðurstöðurnar úr ljósgleypnimælinum voru 15-40% hærri í sýnum af Skaftárvæðinu og á Vesturlandi og 20-60% hærri á Suðurlandi en niðurstöðurnar úr jónaskiljunni. Þess ber reyndar að geta að efnagreiningarnar með ljósgleypnimælinum gengu erfiðlega í samanburðarmælingunum en þó virtust niðurstöðurnar í flestum tilfellum sannfærandi. Aðeins virtist sem næmið væri verra en venjulega en þó svipað og í jónaskiljunni.

Ástæður þess að niðurstöðurnar úr ljósgleypnimælinum eru hærri en úr jónaskiljunni eru lítt þekktar en möguleiki er að önnur efni hafi áhrif á mælinguna. Það er þekkt að SiO_2 getur myndað lit af sömu bylgjulengd og ætti því að auka mældan styrk og fosfór en það virðist ekki vera fylgni á milli styrks SiO_2 og mismunar á þessum tveimur efnagreiningaraðferðum. Einnig hafa sýni með háum styrk af járn og kopar áhrif á niðurstöðurnar en sýnin sem um ræðir innihalda lágan styrk af hvoru tveggja. Styrkur fosfórs sem mældur var með ljósgleypnimælinum var of hár miðað við heildarstyrk fosfórs sem mældur var af Analytica (Tafla 2b) og því voru niðurstöður úr jónaskiljunni notaðar í töflur þessarar skýrslu.

Næmi jónaskiljunnar er örlítið lakara en ljósgleypnimælisins þegar hann er upp á sitt besta eða 0,1 $\mu\text{mól/kg}$ P í stað 0,07 $\mu\text{mól/kg}$ við mælingar með ljósgleypnimælinum.

Heildarstyrkur niturs. Þegar samanburðarmælingarnar á heildarstyrk niturs í vatni hófust vöknudu upp efasemdir um að allt nitur væri oxað yfir í NO_3 eftir hina hefðbundnu geislun (2 tímar í útfjólubláu ljósi, að viðbættu 0,02 ml af fullsterku peroxíði í 20 ml af sýni) sem gerð hefur verið síðan 1998. Aðferðin er sú sama og er notuð á Hafrannsóknarstofnun með góðum árangri. Þegar betur var að gáð virtist þessi aðferð ekki henta fyrir árvatnssýnin. Gildi pH eftir 45-60 mínútna geislun, með eða án peroxíðs, fór úr um 8,5 í um 3. Gildið lækkaði hraðar í sýnum sem peroxíði hafði verið bætt í.

Við geislun klofnar vatn og peroxíð niður í H^+ jónir, sem veldur sýringu sýnisins, og OH radikala sem hvarfast við lífrænt efni í sýninu og brýtur það niður (Koroleff, 1983; Roig et al., 1999). Við þetta myndast óson og því þarf geislunarbúnaðurinn að vera í vel loftræstu rými.

Oxun efna er mjög háð pH í umhverfinu og ammóníum (NH_4) sambönd er mjög erfitt að oxa yfir í nituroxíð. Aftur á móti er auðveldara að oxa ammóníak

(NH₃). Við pH 9,3 er jafn mikið af ammóníum og ammóníak og því var 1 ml af bórsýrubuffer (pH 9) blandað við 10 ml af sýni til að hafa sem mest af ammóníum samböndin á formi NH₃. Aðferðin var reynd með NH₄Cl stöðlum og kom í ljós að einungis um 50% af styrk ammóníums hafði oxast yfir í NO₂ og NO₃ þegar pH var ekki stillt af með buffer. Hins vegar skilaði ~100% af ammóníum styrknum sér þegar pH var haldið við 9 í sýninu við geislun. Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöður Roig og félaga (1999).

Hafrannsóknarstofnun hefur ekki þurft að stilla pH gildið á sjósýnunum sem rannsökuð eru þar, því sjór er vel bufferaður við pH 8,5 og því stór hluti á formi NH₃.

Niðurstöður á mælingum á heildarmagni niturs í vatninu með jónaskiljunni voru yfirleitt mjög sambærilegar við niðurstöðurnar sem fengust með ljósgleypnimælinum og munurinn á 22 af 28 sýnum í Skaftá, 3 af 6 sýnum af Vesturlandi og 12 af 25 sýnum af Suðurlandi var innan við 15%.

Oxunin hafði reyndar ekki gengið alla leið í NO₃ heldur var oft álíka stór hluti á formi NO₂. Því voru tvær styrktölur (og líka tvær óvissutölur) lagðar saman til þess að fá niðurstöðurnar úr jónaskiljunni. Nítrat (NO₃) er hins vegar afoxað yfir í NO₂ áður en það er greint á ljósgleypnimælinum og því kemur það ekki að sök með þeirri aðferðafræði. Það væri reyndar að geisla sýnin í lengri tíma en gert er til þess að freista þess að oxa nitursamböndin alla leið í NO₃.

Samandregið; 1) geislunin eins og hún var áður framkvæmd var ófullnægjandi, 2) oxunin eftir geislun gekk ekki alla leið í NO₃ heldur var hvort tveggja NO₂ og NO₃ mælt í sýnunum, 3) niðurstöðum úr ljósgleypnimælingum og jónaskiljumælingum ber vel saman í flestum tilfellum.

Aurburður

Magn svifauers var mælt á Orkustofnun samkvæmt staðlaðri aðferð (Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 2000; Jórunn Harðardóttir o.fl. 2004a).

Árin 2003, 2004, 2005 og 2006 voru sýni tekin til mælinga á lífrænum aurburði. Sýni til mælinga á lífrænum aurburði (POC, Particle Organic Carbon og PON Particle Organic Nitrogen), sem tekin voru í sýruþvegnum aurburðarflöskurnar, voru síuð í gegnum þar til gerðar glersíur með 0,7 µm porustærð. Glersíurnar og álpappír sem notaður var til þess að geyma síurnar í voru „brennd“ við 450°C í 4 klukkustundir fyrir síun. Síuhaldarar og vatnssprautur sem notaðar voru við síunina voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl. Allt vatn og aurburður sem var í aurburðarflöskunum var síað í gegnum glersíurnar og magn vatns mælt með því að vigta flöskurnar fyrir og eftir síun. Síurnar voru þurrkaðar í álumslögum við um 50°C í einn sólarhring áður en þær voru sendar til Svíþjóðar til efnagreiningar.

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

Niðurstöður mælinga vatnssýna sem búið er að framkvæma eru sýndar í Töflum 1 til 10. Efnasamsetning hlaupvatns úr Eystri-Skaftárkatli í september 2002 er sýnd í Töflu 1. Þá koma öll sýni sem aflað var 2003, 2004, 2005 og 2006 í tímaröð í Töflu 2. Síðar koma Töflur 3 til 10 fyrir einstök vatnsföll; Tungnaá, Útfall úr Langasjó, vestari kvísl Skaftár, Skaftá við Sveinstind, Skaftá við Skaftárdal, Ása-Eldvatn, Eldvatn í Meðallandi og Grenlæk. Efnasamsetning í hámarki hlaupa úr eystri katlinum 2002 og vestari katlinum 2003 er borin saman í Töflu 11. Næmi og samkvæmni mælinga eru gefin í Töflu 12. Yfirborðsflatarmál og efnasamsetning aurs sem safnað var við sumarrennsli úr Skaftá við Sveinstind og við Skaftárdal er sýnt í Töflu 13.

Tímasetning hlaupsýnanna frá 2002 (Tafla 1); 02SK001 (Ása-Eldvatn) og 02SK007 (vestari kvísl Skaftár norðvestan Fögrufjalla) eru reiknuð yfir á tíma Sveinstinds miðað við rennslis hraða vatnsins (munnl. uppl. Oddur Sigurðsson). Gert var ráð fyrir 9,6 klst. rennlistíma frá Sveinstindi í Ása og 4,3 klst. frá Fögrufjöllum í Sveinstind.

Leiðni og pH vatns er hitastigsháð. Þess vegna er getið um hitastig vatnsins þegar leiðni og pH voru mæld á rannsóknarstofu (Töflur 1 til 10). Styrkur uppleystra aðalefna er gefinn í millimólum í lítra vatns (mmól/l), styrkur snefilefna sem míkromólum í lítra vatns (µmól/l) eða nanómólum í lítra vatns (nmól/l). Basavirkni, skammstöfuð Alk. („Alkalinity“), í töflum 1 til 11 er gefin upp sem „milliequivalent“ í kílógrammi vatns. Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis (Dissolved Inorganic Carbon, DIC) er gefið sem millimól C í hverjum lítra vatns í töflu 1 til 11. Reiknað er samkvæmt eftirfarandi jöfnu út frá mælingum á pH, hitastigi sem pH-mælingin var gerð við, basavirkni og styrk kísils. Gert er ráð fyrir að virkni („activity“) og efnastyrkur („concentration“) sé eitt og hið sama.

$$DIC = 1000 \frac{\left(Alk - \frac{K_w}{10^{-pH}} - \frac{Si_T}{\left(\frac{10^{-pH}}{K_{Si}} + 1 \right)} + 10^{-pH} \right)}{\left(\left(\frac{10^{-pH}}{K_1} + 1 + \frac{K_2}{10^{-pH}} \right)^{-1} + 2 \left(\frac{(10^{-pH})^2}{K_1 K_2} + \frac{10^{-pH}}{K_2} + 1 \right)^{-1} \right)} \quad (2)$$

K_1 er hitastigsháður kleyfnistuðull kolsýru (Plummer og Busenberg 1982), K_2 er hitastigsháður kleyfnistuðull bíkARBónats (Plummer og Busenberg 1982), K_{Si} er hitastigsháður kleyfnistuðull kísilsýru (Stefán Arnórsson o.fl. 1982), K_w er hitastigsháður kleyfnistuðull vatns (Sweeton o.fl. 1974) og Si_T er mældur styrkur Si (Töflur 1, 3, 4, 5 og 6). Allar styrktölur eru í mólum á lítra nema „alkalinity“ sem er í „equivalentum“ á kg. Þessi jafna gildir svo lengi sem pH vatnsins er lægra en 9 og heildarstyrkur uppleystra efna (TDS) er minni en u.þ.b. 100 mg/l. Við herra pH þarf að taka tillit til fleiri efnasambanda við reikningana og við mikinn heildarstyrk þarf að nota virknistuðla til að leiðrétta fyrir mismun á virkni og efnastyrk.

Heildarmagn uppleystra efna (TDS: „total dissolved solids“) er samanlagður styrkur uppleystra aðalefna í milligrömmum í lítra vatns (mg/l) reiknaður á eftirfarandi hátt;

$$TDS_{reiknað} = Na + K + Ca + Mg + SiO_2 + Cl + SO_4 + CO_3 \quad (3)$$

Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis sem gefið er í millimólum DIC í hverjum lítra vatns í töflum 1 til 11 er umreiknað í karbónat (CO_3) í jöfnu 3.

Nokkur óvissa er um styrk kolefnis (POC) og niturs (PON) í lífrænum aurburði sem safnað var í ágúst 2004 úr vestari kvísl Skaftár (Tafla 3 og 5; sýni 04SK018 og 04SK019) og úr Skaftá við Sveinstind (Tafla 3 og 6; sýni 04SK021). Eftir síun og þurrkun á rannsóknarstofu var þó nokkuð efni fyrir utan síurnar. Það efni var greint sér og telur UMEÁ að það gæti vel hugsast, að það sem mælt hafi verið sem lífrænt kolefni í þessu efni hafi í raun verið ólífrænt kolefni. Ekkert nitur mældist í efninu utan við síurnar. Sé efnið fyrir utan síur tekið með í reikningum á C/N hlutföllum fást mjög há gildi; 445, 83 og 118. Sé hins vegar kolefninu sem mældist í efninu fyrir utan síur sleppt fást C/N hlutföllin 16, 11 og 11. Í töflum 3, 5 og 6 er efnið utan við síurnar ekki tekið með þannig að hlutföllin eru 16, 11 og 11.

Hlaup úr Eystri-Skaftárkatli í september 2002

Rennsli, leiðni og breytingar í efnasamsetningu hlaupvatnsins í september 2002 miðað við tíma er sýnt á 2. mynd. Sýnin sem tekin voru úr Ása-Eldvatni og vestari kvísl eru reiknuð á tímum þegar vatnið rann hjá Sveinstindi. Gert var ráð fyrir 9,6 klst. rennslistíma frá Sveinstindi í Ása og 4,3 klst. frá Fögrufjöllum í Sveinstind. Lóðréttan línun á gröfunum táknar tímasetningu lágtíðniskjálfta við Skaftárkatla, miðað við 13,3 klst. áætlaðan rennslistíma vatns úr Skaftárkötlum í Sveinstind (Oddur Sigurðsson, persónulegar upplýsingar). Ferningarnir á rennslis- og leiðniferlunum sýna tímasetningu sýnatöku og stakar leiðnimælingar sem framkvæmdar voru samhliða sýnatöku á síuðum sýnum. Leiðnimælingum ber vel saman við síritann í Sveinstindi fram til 22. september en þá féll leiðnin samkvæmt síritanum. Líklegt er að leiðninemi síritans hafi truflast vegna aurburðar. Eins og sjá má náðist góð sýnaröð eftir að hlaup hófst og allt til enda hlaupsins. Leiðnin vex strax í upphafi hlaups, nær jöfnu gildi og stekkur svo nokkru eftir að lágtíðniskjálftarnir byrja í Skaftárkötlum. Alkalinity, heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis (DIC) og arsen hegða sér nær alveg eins og leiðnin. Þessir þættir stökkva nokkru eftir lágtíðniskjálftana, þ.e. annað og þriðja sýni eftir að skjálftarnir byrja. Eins varð styrkur H_2S mestur í sýninu sem tekið var úr Vesturkvísl (annað sýni eftir að lágtíðniskjálftar byrjuðu). Hins vegar varð ekkert stökk í styrk anjónanna Cl, F og SO_4 í öðru og þriðja sýni eftir að skjálftarnir byrjuðu (2. mynd). Ef kvika hefði komist í beina snertingu við vatnið hefði mátt búast við aukningu í styrk þessara anjóna vegna kvikugastegunda svipað og gerðist í hlaupvatninu á Skeiðarársandi eftir Gjálpargosið 1996 og eftir eldgos í Grímsvötnum 1. nóvember 2004 (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2002; Jórunn Harðardóttir o.fl. 2004b).

Dæmi um vensl efnastyrks og rennslis í septemberhlaupinu 2002 úr Eystri-Skaftárkatli eru sýnd á 3. mynd. Leiðni vex með rennsli en mest stuttu eftir að lágtíðniskjálftarnir byrja þegar rennslið er um $450 \text{ m}^3/\text{sek}$. Leiðnin er síðan nokkuð stöðug við meira rennsli (3. mynd). Fjöldi uppleystra efna sýna svipaða hegðun og leiðni; alkalinity, DIC, Ca, Mg, Na, K, Sr, As, Ba og Mn. Kísill (SiO_2), B, Co og að nokkru leyti þíósúlfat (S_2O_3) vaxa línulega með styrk við með auknu rennsli (3. mynd). Nokkur efni haga sér svipað og þíósúlfat með rennsli; Al, Fe, Ni, Cr, Pb og P. Styrkur súlfats (SO_4) minnkar með rennsli (3. mynd) og á það einnig við um Cl, F og Mo. Hleðslujafnvægi er óvenju slæmt í þessum sýnum en hegðar sér reglulega með rennsli eins og sjá má á 3. mynd. Hleðslujafnvægið er neikvætt þegar rennsli er lítið; er um núll við 500 rúmmetra rennsli og síðan jákvætt við mikið rennsli. Þetta bendir til þess að eitthvert aðalefni hafi ekki verið mælt, e.t.v. lífrænar anjónir.

Hlaup úr Vestari-Skaftárkatli í september 2003

Tvö sýni voru tekin úr Ása-Eldvatni af brú í hlaupinu í september 2003: að kvöldi 8. september og um hádegi 9. september (Töflur 2 og 8). Aurburðarsýni var tekið um 35 mín á eftir uppleystu efnunum 9. september og er það því haft sér í dálknum þar sem rennslið breyttist hratt í hlaupinu (Töflur 8 og 18 og 19. mynd). Sýnið sem tekið var að kvöldi þess áttunda er nálægt hlauptoppi (Tafla 8). Töluverð rigning var í upphafi hlaups og hlaupið var lítið og flækir það rennslis- og efnaróf (Jórunn Harðardóttir o.fl. 2004a). Veður var þó þurrt seinni part 8. og 9. september.

Leiðni vatnsins var 199 $\mu\text{S}/\text{sm}$ 2003 (Töflur 2 og 8). Hún var rétt rúmlega 200 $\mu\text{S}/\text{sm}$ í hlauptoppi 2002 og fór vel yfir 300 $\mu\text{S}/\text{sm}$ inni við Sveinstind eftir að lágtíðniskjálftarnir byrjuðu í septemberhlaupinu 2002 úr eystri katlinum (Töflur 1, 2 og 8). Það hlaup var stærra og veður þurrt fyrir og á meðan hlaupi stóð.

Hlaupvatnið úr vestari katlinum frá því í september 2003 hafði háan styrk af uppleystu lífrænu kolefni (DOC) og hafði ekki mælst hærra í íslensku straumvatni á þeim tíma; 0,29 og 0,16 mmol/kg (Tafla 8). Árið 2003 hafði styrkur DOC mælst hæstur í útfalli Mývatns í Geirastaðaskurði um mitt sumar; 0,17 mmol/kg. Meðaltal straumvatna norðan Vatnajökuls er við greiningarmörk; 0,02 mmol/kg (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2003b). Þessi styrkur gæti bent til öflugrar örveruvirkni í Skaftárkötlum. Meðaltal fyrir þau straumvötn á Íslandi sem hafa mælst með mestan styrk af uppleystu lífrænu kolefni eru: Geirastaðaskurður, 0,063 mmol/kg, Laxá við Mývatn, 0,043 mmol/kg og Ölfusá við Selfoss, 0,065 (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2003a, Eydís S. Eiríksdóttir o.fl. 2007). Enn fremur er styrkur lífræns aurburðar mikill í septemberhlaupinu 2003; 1,8 og 1,7 mmol/kg (POC; Tafla 8). Íslensk straumvötn með hæstan styrk (meðaltal/mesti styrkur) lífræns aurburðar eru Laxá í Mývatnssveit (0,5/1,5 mmol/kg) og Geirastaðaskurður (0,5/2,1 mmol/kg), Ölfusá við Selfoss (0,4/1,2 mmol/kg) og Jökulsá í Fljótsdal við Hól (0,5/1,7 mmol/kg); (Sigurður R. Gíslason o.fl. 2003a og b; Eydís S. Eiríksdóttir o.fl. 2007).

Hlaup úr Eystri-Skaftárkatli í apríl 2006

Þrjú sýni voru tekin úr Ása-Eldvatni af austurbakka ofan brúar fyrir uppleyst efni en aurburður af brú í hlaupinu 2006: um hádegi 23. apríl, rétt fyrir hádegi 24. apríl og 10:30 þann 26. apríl. (Töflur 2e og 2f). Hlauptoppurinn er á milli tveggja fyrstu sýnanna. Styrkur lífræns kolefnis í upplausn í hlaupinu 2006 er enn hærri en í hlaupvatninu 2003 og hefur aldrei mælst hærri í íslensku straumvatni. Í tímaröð er styrkurinn 1,33 mmol/l, 0,830 mmol/l og 0,316 mmol/l. Þetta er svipaður styrkur og í jarðvegsvatni á Grundartanga (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1999). Lífrænn svifaur (POC) var mikill (1-4 mmolC/l; Tafla 2e) en C/N hlutfall í lífrænum svifaur var töluvert hærra en í hlaupinu 2003, um og yfir 100 í þessu hlaupi en var nær Readfield hlutfalli fyrir þörungum, 6,6 í hlaupinu 2003; (11-15; Tafla 2a). Hluti lífræna svifaursins gæti því verið ættaður úr jarðvegi eða af þurrlendi.

Samanburður á efnasamsetningu hlaupa úr Eystri-Skaftárkatli og hlaups úr Vestari-Skaftárkatli

Efnastyrkur í hlauptoppi í september 2002 úr eystri katli (Tafla 1, meðaltal sýna 02SK004 og 02SK005) og 2003 úr Vestari-Skaftárkatli er borinn saman í Töflu 3. Leiðni, sulfat- og alkalinitystyrkur var svipaður í toppi beggja hlaupa. Gildi pH var hærra 2003. Heildarmagn uppleystra efna var 210 mg/kg í hlauptoppi 2002 en 92 mg/kg í hlauptoppi 2003 og munar þar mestu um kísil og natríum. Skýringin á svipaðri leiðni og mismunandi efnastyrk liggur í mun kísils, pH, og tvígildu katjónunum Ca og Mg sem eru í meiri styrk í 2003 hlaupinu (Tafla 11). Kísill, Na,

Cl, Al, Fe, B, Co og Ba voru hærri úr eystri katlinum árið 2002. Hins vegar var styrkur F mun meiri í hlaupinu úr vestari katlinum 2003. Hlaupið úr Eystri-Skaftárkatli 2006 er hins vegar flúorríkt; að meðaltali 4,3 $\mu\text{mol/l}$ eða svipað og hlaupið úr Vestar-Skaftárkatli 2003 (Tafla 11).

Vensl rennslis og efnastyrks í straumvötnum á slóðum Skaftár frá 2003 til 2006

Vensl styrks og rennslis er lýst með annarrar gráðu veldisfalli svipað og gert hefur verið fyrir aurburð (t.d. Svanur Pálsson o.fl. 2000). Veldisfallið („lykillinn“) og fylgnin (R^2) er sýnt við hverja mynd. „Efnalyklarnir“ fyrir uppleystu aðalefnin sem rekja uppruna sinn til bergs og úrkomu eru tvenns konar: 1. Vensl styrks uppleystu efnanna og augnabliksrennslis þegar safnað var er sýnt vinstra megin á opnunni. 2. Vensl styrks uppleystu efnanna sem rekja uppruna sinn til veðrunar bergs og augnabliksrennslis þegar safnað var er sýnt á myndunum á hægri hluta opunnar. Öll efnin á hægri síðunni rekja uppruna sinn eingöngu til bergs.

Tungnaá við Botnaver. Dagsmeðalrennslis Tungnaár við Maríufoss er sýnt á 4. mynd og tímasetning sýnatöku ofar í ánni við Botnaver. Efnalyklar eru sýndir á 5. og 6. mynd. Efnalyklar uppleystra efna þessa vatnsfalls eru með því besta sem gerist í vatnsföllum. Fylgnistuðullinn er yfir 9 í öllum efnunum.

Útfall Langasjávar. Byrjað var að safna úr Útfallinu í ágúst 2003. (Tafla 4 og 7 og 8. mynd). Vetrarsýnið 2005 úr Útfallinu er nokkuð sérstakt. Rennslis Útfallsins og styrkur Cl er mestur í vetrarsýninu sem bendir til að töluverð snjóbráð hafi verið í Útfallinu þegar sýnið var tekið. Styrkur Cl vex með rennslis sem er sjaldgæft. Efnalykill fyrir katjónir er þokkalegur en slakur fyrir alkalinity og kísil. Frumframleiðni kísilþörungna í Langasjó og botnlanga skekkir efnalykilinn fyrir kísil og alkalinity.

Vestari kvísl Skaftár. Byrjað var að safna úr vestari kvísl Skaftár í júlí 2003. Í júlí- og ágúst leiðöngurum 2003, 2004, 2005 og 2006 voru tvö sýni tekin í hvert sinn úr vestari kvíslinni; eitt að kvöldi og annað að morgni, til þess að ná sýnum við hámarks- og lágmarksrennslis. Í þurrviðri er hámarksrennslis í vestari kvísl Skaftár um kl. 20 og lágmark um 8 að morgni. Í júlíleiðangrinum 2003 var mikil úrkoma og “snerist rennslisferillinn við” í vestari kvísl Skaftár. Betur tókst þó til í ágústleiðangrinum 2003 og sumarferðunum 2004, 2005 og 2006. Efnalyklarnir eru sýndir á 9. og 10. mynd og eru þeir þokkalegir fyrir flest uppleyst efni. Eitt sýni sker sig úr, en það er sýnið sem tekið var að morgni 19. ágúst 2005, 19 dögum eftir hlaup úr vestari katlinum. Þennan morgun var rennslis 92 m^3/sek , brennisteinslykt af ánni og flest uppleyst efni og leiðni þennan morgun skera sig frá efnalyklinum (9. og 10. mynd). Það er því klárlega “jarðhitaeinkenni” á þessu sýni. Þetta sýni er ekki tekið með í efnalyklana á 9. og 10. mynd.

Skaftá við Sveinstind. Rennslis Skaftár við Sveinstind og tímasetning sýnatöku eru sýnd á 11. mynd. Byrjað var að safna úr Skaftá við Sveinstind í septemberhlaupi 2002 og síðan utan hlaupa frá júlí 2003. Í júlí- og ágúst leiðöngurum 2003, 2004, 2005 og 2006 voru tvö sýni tekin í hvert sinn úr Skaftá við Sveinstind; eitt að kvöldi og annað að morgni, til þess að ná sýnum við hámarks- og lágmarksrennslis. Í þurrviðri er hámarksrennslis við Sveinstind um kl. 24 og lágmark um hádegi að sumri til þegar jökulleysing er komin af stað. Í júlíleiðangrinum 2003 var mikil úrkoma um kvöldið þegar fyrra sýnið var tekið og “snerist rennslisferillinn við”. Rennslis var meira um morguninn. Betur tókst til í ágústleiðangrinum 2003 og sumarferðunum 2004, 2005

og 2006. Ekki var hægt að komast í Sveinstind veturinn 2004 vegna ófærðar. Vetrarsýnið frá 2005 (05SK002) var tekið niðri í gili þar sem áin var opin, en mikill ís og snjór var við mælistöðina. Efnalyklarnir eru sýndir á 12. og 13. mynd og eru þeir þokkalegir fyrir flest uppleyst efni.

Samanburður efnalykla Skaftár við Sveinstind í septemberhlaupi úr Eystri-Skaftárkatli 2002 og Skaftá við Sveinstind utan hlaupa er sýndur á 14. mynd. Í hlaupi vex styrkur sumra efna með rennsli en minnkar alltaf með rennsli utan hlaupa.

Skaftá við Skaftárdal. Rennsli Skaftár við Skaftárdal og tímasetning sýnatöku 2004, 2005 og 2006 eru sýnd á 15. mynd. Efnalyklar eru sýndir á 16. og 17. mynd. Styrkur Ca og alkalinity minnkar ekki með rennsli en önnur efni haga sér reglulega. Lindárnar í uppsveitum Árnassýslu; Brúará og Tungufljót haga sér svona og einnig Víðidalsá, Vatnsdalsá og Hvítá í Borgarfirði við Kljáfoss. Sýnið sem hæst er í þessum efnunum var tekið um kvöldið 19. ágúst 2005. Sýni sem tekið var um morguninn þennan dag í vestari kvísl Skaftár hefur “jarðhitaeinkenni”, og er ekki laust viðað að það eimi eftir af þeim í þessu sýni (05SK023; Tafla 7). Vöxtur Ca og alkalinity með rennsli gæti bent til þess að kalsít sé að leysast upp á vatnasviði Skaftár ofan Skaftárdals en neðan Sveinstinds.

Ása-Eldvatn. Rennsli Ása-Eldvatns ásamt tímasetningu sýnatöku árið 2003 er sýnt á 18. mynd. Sýni voru tekin í júlí og ágúst 2003 og tvö sýni í hlaupi í september 2003. Aurburðarsýni var tekið um 35 mín á eftir uppleystu efnunum í hlaupinu 9. september og er það því haft sér í töflum þar sem rennslið breyttist hratt í hlaupinu (Tafla 8). Vensl rennslis við aur og efnasamsetningu vatns í hlaupsýnum 2003 (2 sýni) og 2006 (3 sýni) og sýnum sem tekin voru utan hlaups 2003 (2 sýni) eru sýnd á 19. og 20. mynd. Hlaupsýnin eru ekki leiðrétt fyrir efnasamsetningu úrkomu þar sem hluti Cl getur verið ættaður úr bergi eða kviku. Styrkur Na, K, Ca, Mg og SO₄ ættuðum úr bergi er því ekki sýndur á 20. mynd. Hrefna Kristmannsdóttir o. fl. (2006) vöktuðu efnasamsetningu Ása-Eldvatns frá 1. júlí 1997 til 20. júlí 1998, alls 13 sinnum. Það er því hægt að ná góðum efnalykli utan hlaupa í Ása-Eldvatni.

Eldvatn í Meðallandi. Rennsli Eldvatns í Meðallandi og tímasetning sýnatöku eru sýnd á 21. mynd. Efnalyklar eru sýndir á 22. og 23. mynd. Lífrænn svifaur minnkar í styrk með auknu rennsli. Þetta er sjaldgæft eins og sjá má á myndum fyrir önnur straumvötn á Skaftárvæðinu. Meðaltal hlutfalls C/N er 7,8 (Tafla 9), sem er svo að segja það sama og í þörungum. Styrkur lífrænna agna ræðst því af lífmassanum í ánni en ekki af rofkrafti (rennsli) árinna. Styrkur Ca og SO₄ vex með rennsli svipað og við Skaftárdal og í lindám í uppsveitum Árnassýslu og Borgarfjarðar.

Grenlækur. Rennsli Grenlækjar og tímasetning sýnatöku 2003, 2004, 2005 og 2006 eru sýnd á 24. mynd. Efnalyklar fyrir Grenlæk eru sýndir á 25. og 26. mynd. Styrkur ólífræns svifaurs minnkar með rennsli sem er sjaldgæft. Lífrænn svifaur er óháður rennsli og C/N mól-hlutfall hans er lágt, 9,9 (Tafla 10) en hlutfall þörunga er um 7. Þetta er því að mestu þörungar. Hlutfallið er nokkru hærra en í Eldvatni í Meðallandi 7,8 (Tafla 9), sem bendir til meiri áhrifa botnfastra plantna en mikið er af þeim við söfnunarstaðinn í Grenlæk. Má segja að allur farvegurinn sé “teppalagður” af þessum plöntum og getur það haft áhrif á flutning svifaurs um þversniðið. Styrkur uppleystra efna minnkar með rennsli en fylgnin er ekki mikil eins og sjá má á fylgnistuðlunum (R²) á myndum 25. og 26. Efnastyrkur breytist lítið með rennsli eins og gildir almennt um lindavatn.

Efnasamsetning og yfirborðsflatarmál svifaurs úr Skaftá

Efnasamsetningu og yfirborðsflatarmál svifaurs sem safnað var í Skaftá við Sveinstind í Skaftá við Skaftárdal er sýnt í Töflu 12. Efnasamsetning sýnis sem safnað var við Skaftárdal 2006 var ekki efnagreint þar sem sýnataka rakst í botn og safnaði sandi og mól.

